

3. mál Tillaga borgarfulltrúa Samfylkingar um heildstæða hjólréiðaáætlun

Dofri Hermannsson: Forseti og ágætu félagar í borgarstjórn. Tillagan hjóðar svo:

Borgarstjórn samþykkir að hafa forystu um gerð heildstæðrar hjólréiðaáætlunar fyrir höfuðborgarsvæðið í samvinnu við önnur sveitarfélög og Vegagerðina. Stefnt verði að því að stórefla möguleika á notkun reiðhjóla á svæðinu með gerð hjólréiðastígakerfis um allt höfuðborgarsvæðið þar sem hjólréiðar eru hugsaðar sem fullgildur samgöngumáti innan svæðisins.

Og það er gaman að því, forseti, að fá að ræða þessa tillögu hér beint í framhaldi af umræðu um tíu mínútna tíðni strætó af því að þarna er í rauninni verið að tala um að hjólréiðar eiga að vera eðlilegur valkostur við strætó og einkabílinn. Valkostur fyrir þá sem vilja fá ferskt loft í lungun þegar þeir hjóla í vinnuna á morgnana, valkostur fyrir þá sem vilja spara sér þá peninga, eins og ég lýsti hér í ræðu minni áðan, sem óneitanlega kostar að reka bíl, hvað þá ef það er bíll númer tvö eða þrjú fyrir eitt heimili, og þó að það hafi margt gott á undanförunum árum, og nú tala ég ekki bara um síðustu fjögur ár heldur á undanförunum mörgum árum þar á undan, margt gott hafi gerst í sambandi við aðgengi og möguleika hjólréiðafólks á að komast um í borginni, þá má svo sannarlega gera betur.

Við höfum, eins og borgarstjórn veit, nýlega samþykkt hjólréiðaáætlun fyrir Reykjavíkurborg og það er vel að það sé búið að vinna hana og samþykkja hana, en eins og þeir vita sem hafa lagt í þá hættuför til dæmis að hjóla úr austurbyggð Reykjavíkurborgar suður í austurbyggð Kópavogs, þá vantar tilfinnanlega einhverskonar skynsamlegar tengingar þarna á milli. Þær vantar auðvitað víðar. Það er reyndar þannig, og þetta held ég að megi kenna dálítið um þeirri hreppapólitík sem hefur viðgengist hér undanfarin ár og jafnvel kjörtímabil, að það eru heilu hverfin þar sem götur hittast ekki á og það er ekki gagnvegir á milli nágretta af því að þeir búa ekki í sama sveitarfélagi.

Reyndar er það svo, sagði mér maður sem vinnur hjá Strætó bs. og það er gaman að geta þess hér í framhjálaupi, hann býr í austurbyggðum Kópavogs og í staðinn fyrir að taka Kópavogsstrætó niður í Hamraborg og síðan strætó úr Hamraborg niður á Kringlumýrarbraut og svo af Kringlumýrarbraut og upp í

Mjódd, þá hleypur hann á spariskónum yfir einskismannslandið, moldina og urðina, til þess að ná Breiðhóltsstrætó sem fer auðvitað bara beint niður í Mjódd. En þarna hittast götur ekki einu sinni á. Þannig að það er mikið starf óunnið að tengja betur stígakerfið og koma meiri skynsemi í almenningssamgöngukerfið og stígakerfið á höfuðborgarsvæðinu öllu.

Það er gaman að segja frá því líka, af því að ég talaði hér um áðan, að ríkissjóður ber ábyrgð á stofnvegum og borgin á borgargötum, að ríkinu hefur borið skylda til þess að leggja reiðvegi meðfram öllum stofnvegum og menn þekkja það sem eru stundum vel ríðandi, eins og ég veit að borgarfulltrúi Óskar Bergsson er, að það eru ágætir reiðvegir meðfram götum víðast hvar. En það hefur vantað upp á skilning hjá ríkinu þangað til á síðustu misserum að helstu svona reiðskjótar borgarinnar, fyrir utan einkabílinn, eru jú einmitt hjólhestar.

Ég lék mér nú einu sinni að því að velta því fyrir mér af því að það var nú einn ágætur banki, sem auðvitað er farinn á hausinn núna, að velta fyrir sér að byggja 4.000 bílastæða bílakjallara fyrir um 8 milljarða. Nei ... Það var miklu, miklu meira. Ég reiknaði það út að ef við tækjum nú upp reiðvegakerfi í Reykjavíkurborg og allir ættu bara hesthús og hest til þess að fara á milli staða í, þá væri hægt að reisa bás í staðinn fyrir bílastæði í bílastæðakjallaranum, hafa hesthúsabás í staðinn fyrir bílastæðakjallara og það mætti spara um tvær milljónir á hvert einasta pláss. Og hugsid ykkur hvað það væri nú gaman ef við Óskar gætum nú á leið okkar í vinnuna spreytt okkur á hlemmiskeiði einhvers staðar á leiðinni.

En þessi reiðskjóti er reyndar ekki sá heppilegasti kannski inni í borginni, en það er gaman að segja frá því núna að það hefur vaknað skilningur hjá samgönguráðuneytinu á að það væri eðlilegt að ríkið komi að því að byggja upp hjólreiðastíga meðfram stofnbrautum í Reykjavík. Og nú er það svo sem útfærsluatriði hvort þeir eiga að vera algjörlega í vegöxlinni á hraðbrautunum eða hvort þeir ættu frekar að liggja annarsstaðar. Persónulega finnst mér að við ættum að fara aðeins eftir öðrum mælikvörðum. Ég hef til dæmis ekki sérstaka löngun til þess að fara mikið upp og niður. Mér þykir ágætt til dæmis að fara í gegnum Bryggjuhverfið, af því að það er svona allt í svipaðri hæð, þegar ég er að hjóla ofan úr Grafarvogi og niður í miðbæ, hef enga sérstaka löngun til þess

að fara á einhverri hjólabraut upp á Höfðabakka og síðan yfir Ártúnsbrekkuna. Þannig að ég held að þessi lína um að þetta eigi að vera meðfram stofnbrautum, það megi aðeins teygja hana, en tilgangurinn er auðvitað þessi: að koma upp hjólastígakerfi, stofnbrautum í hjólastígakerfinu sem getur nýst fólki til þess að komast hratt og örugglega á milli staða í borginni.

Mig langar aðeins, af því að hér vorum við að tala um strætó áðan og borgarfulltrúi Jórunn Frímansdóttir kom inn á það ágætlega, að það er líka nauðsynlegt að hugsa um það hvernig strætókerfið og hjólastígar tengjast og hvernig það má í rauninni búa til sambland af þessum ferðamáta. Við viljum komast hratt og örugglega á milli staða og borgarfulltrúi Jórunn Frímansdóttir talaði hérna um hraðleiðir sem má vel athuga að nota, sérstaklega kannski á háannatímum, en það sem mér finnst að við þurfum að ræða betur er hvernig við getum stækkað upptökusvæði hraðleiðarinnar. Að í staðinn fyrir að aðalleiðirnar þræði hverfin mjög nákvæmlega þannig að þær fari nánast heim til allra, þá má líka ímynda sér að við ákveðnar stoppistöðvar eða endastöðvar séu vegleg hjólaskýli, þar séu skýli þar sem fólk getur mætt. Það getur kannski hjólað sinn kílómetra eða einn og hálfan kílómetra að heiman, í stoppistöðina í sínu hverfi, getað sett hjólið sitt þar inn og læst því á þurru stað sem er jafnvel vaktadur og ekki hætta á því að það verði unnin skemmdarverk á hjólinu, tekið síðan hraðleið niður í bæ og komið síðan aftur með henni heim og hjólað þennan kílómetra, sem tekur um tvær mínútur, heim til sín. Þetta er atriði sem þarf að skoða og þetta myndi stórauka upptökukerfi, ef maður má tala svo, upptökukerfi leiðakerfis strætó.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð mikið fleiri en ég vonast til þess að fá góða umræðu um þessa tillögu, þetta er í rauninni tillaga um að halda áfram þeirri ágætu vinnu sem hefur verið unnin í Reykjavík og miðar að því að gera hjólreiðar að raunverulegum valkosti við einkabíl og almenningssamgöngur. En, eins og ég segi, það þarf að ræða þetta í bróðerni við hreppana hérna í kringum okkur og án þess að það verði gert, þá verður ennþá lífshættulegt að hjóla á sumum stöðum á milli hverfa.

Forseti: Borgarfulltrúi Dofri Hermannsson hefur lokið máli sínu. Þá tekur til máls borgarfulltrúi Gísli Marteinn Baldursson.

3. mál Tillaga borgarfulltrúa Samfylkingar um heildstæða hjólréiðaáætlun

Gísli Marteinn Baldursson: Virðulegi forseti, ágæta borgarstjórn. Ég vil þakka tillöguflytjanda fyrir þessa tillögu. Borgarfulltrúinn sem flutti hana hefur setið í umhverfis- og samgönguráði og hefur munað þar um hann í málaflokkum sem þar ber á góma, meðal annars þessa. Það er að segja þá sem fjalla um hjólréiðar og um vistvænar samgöngur í borginni. Ég held reyndar að á þessu kjörtímabili hafi mikill árangur náðst í þeim efnum, bæði hvað varðar beinar aðgerðir en ekki síður hvað varðar vinnubrögð og hugsunarhátt og ég held að borgarfulltrúar, úr hvaða flokki sem þeir koma, geti tekið til sín mikið, svona, eigi mikið skilið af hrósi fyrir það. Við höfum bæði séð mikla uppbyggingu í hjólastíganeti, þar er sumpart haldið áfram frá síðasta kjörtímabili og kjörtímabilinu þar á undan þegar mikil vinna var lögð í uppbyggingu göngu- og hjólréiðastíga. Eftir miklar ábendingar og kröfugerðir frá hjólréiðamönnum hefur meiri áhersla á þessu kjörtímabili verið á það sem getur kallast eingöngu hjólréiðastígar en að sjálfsgöðu væri það net fátæklegt ef ekki nyti við hinna stíganna, göngu- og hjólréiðastíganna sem liggja þvers og kruss um borgina.

Reykjavík nefnilega getur mjög hæglega verið mjög góð hjólaborg og hún er nú þegar góð hjólaborg að mörgu leyti, margt hefur hún við sig sem getur gert hana að betri hjólaborg heldur en mjög margar aðrar borgir, frá náttúrunnar hendi er hún bara vel úr garði gerð til að vera góð hjólaborg en það er alveg rétt sem kemur fram í þessari tillögu að netið yfir höfuðborgarsvæðið allt mætti vera betra. Ég held að nágrennasveitarfélögin geti bæði lært af okkar reynslu hér í Reykjavík og eins getum við, með því að haldast í hendur við þau, eflt hjólréiðar. Auðvitað eru fjöldamargir Reykvíkingar sem eiga erindi í nágrennasveitarfélögin þó svo að það séu vissulega fleiri sem myndu koma þaðan inn til Reykjavíkur.

Nú er það til dæmis þannig að báðir stóru háskólarnir hér í Reykjavík, HR og HÍ, liggja í mjög góðum hjólatengslum við til dæmis Kópavog sem liggur hérna næst sunnan við okkur, þannig að með góðum hjólatengingum við það ágæta bæjarfélag ættum við að geta fjölgað verulega þeim sem geta komið á hjóli í skólann. Þannig að ég bara fagna þessari tillögu og ég legg til að við

samþykkjum hana og einhendum okkur síðan í það að ná samstöðu með hinum sveitarfélögunum til þess að gera þetta. Ég lít þannig á að í tillögunni séu ekki fólgin mikil útgjöld fyrir Reykjavíkurborg vegna þess að þarna er um að ræða stofnbrautir innan höfuðborgarsvæðisins, sem í langflestum tilvikum er á könnu ríkisins að viðhalda og við höfum góð orð fyrir því að ríkið vilji koma inn í uppbyggingu hjólastíganna meðfram þessum umferðaræðum. Þannig að ef að það gerist mun ríkið verða að standa straum af megin kostnaðinum við þetta, þó svo að það séu nú auðvitað líkur á því að sveitarfélögin hérna á svæðinu þurfi kannski eitthvað að hjálpa líka, minni götur þurfa auðvitað að mætast líka, sem kannski liggja á verksviði okkar sem hér erum.

En það er bara gott að heyra hversu mikill samhljómur er um þessi mál hérna í borgarstjórn og ég þakka enn fyrir þessa tillögu og vona að borgarfulltrúar sameinist um að samþykkja hana.

Forseti: Borgarfulltrúi Gísli Marteinn Baldursson hefur lokið máli sínu. Þá tekur til máls borgarfulltrúi Hermann Valsson.

3. mál Tillaga borgarfulltrúa Samfylkingar um heildstæða hjólreiðaáætlun

Hermann Valsson: Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Ég vil, eins og aðrir sem hafa tekið til máls um þessa tillögu, fagna henni og framkomu hennar. Við tökum að sjálfsögðu heilshugar undir þessa tillögu. Við höfum, eins og svo margir aðrir, átt ágætis samstarf og samtal við Samtök hjólreiðamanna og höfum einsett okkur að líta á hjól sem samgöngutæki í framtíðinni. Mig langar þó að minnast á örlítið í viðbót við tillöguna sem við kannski getum tekið upp hjá okkur, svona um leið og við fylgjum þessu úr hlaði, og það er að minna á menntakerfið, að við getum nú gert ýmislegt þar svona til að stuðla að hjólanotkun og kenna börnunum að hjóla í og við umferð og við skólann. Menntaráð samþykkti á sínum síðasta fundi að taka upp lífsleiknikennslu, skoða hana, þetta á vel heima í því og beini ég því til formanns menntaráðs að huga að því að þetta sé þarna með. Þetta er ekki síður lífstíll og lífsleikni en hreyfing, það að vera á hjóli. Jafnframt vil ég minna á að Umferðarstofa á talsvert mikið af efni og öðru slíku sem við getum notað af þessu tilefni, en eins og ég segi, það er mikið fagnaðarefni að samgönguráðuneytið hafi loksins tekið við sér og farið að líta á hjólreiðar sem samgöngutæki. Þannig að við Vinstri græn munum styðja þessa tillögu.

Forseti: Borgarfulltrúi Hermann Valsson hefur lokið máli sínu. Þá tekur til máls borgarfulltrúi Jórunn Frímansdóttir.

3. mál Tillaga borgarfulltrúa Samfylkingar um heildstæða hjólreiðaáætlun

Jórunn Frímansdóttir: Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Ég vil byrja á að fagna þessari tillögu þar sem gert er ráð fyrir að gera hér heildstæða hjólreiðaáætlun fyrir höfuðborgarsvæðið í samvinnu við önnur sveitarfélög og Vegagerðina. Ég held að þetta sé einmitt lykilatriði, að það verði höfð samvinna við önnur sveitarfélög um þessa hjólreiðaáætlun og einmitt Vegagerðina sem hefur jú með stofnleiðirnar að gera.

Ég hjóla mikið um borgina og höfuðborgarsvæðið bara hreinlega. Það er alveg klárt mál að það er víða sem þarf að gera betur og það eru ýmsar hindranir í veginum sem held ég að verði alltof oft til þess að fólk hreinlega leggi ekki í að byrja, leggi ekki í að taka skrefið að velja hjólið og reyna þennan ferðamáta. Og þar á ég sérstaklega við þessar stofnleiðir okkar, sem eru eins og Vesturlandsvegurinn, sem eru Kringlumýrarbrautin, suður eftir Garðabænum og yfir í rauninni þarna Arnarnesholtið og yfir Kópavogshæðina og þetta eru svona hindranir sem við bara verðum að leysa og ríkisvöld verða bara hreinlega að leysa með okkur.

Ég hef nú talað um þetta lengi og skrifað um það greinar og annað, en þetta er í mínum huga afskaplega mikilvægt mál. Það að þurfa að fara einhverjar krókaleiðir alltaf þegar maður ætlar milli Reykjavíkur og Garðabæjar til þess að komast leiðar sinnar á hjóli, því það er engan veginn hægt að ætla manni að hjóla undir Hamraborgina á götunni sem þar liggur, einfaldlega vegna þess að umferðin er svo hröð að hún er bara hættuleg og maður er bara í hættu ef maður ætlar að fara þá leið. Á móti kemur að það væri líka auðvelt að setja þarna einhvers konar, hvort það væru göng eða stíg, meðfram, sem væri öruggur og myndi auka öryggi þeirra sem velja að fara hvort heldur er hjólandi eða bara gangandi eða hlaupandi, eins og borgarfulltrúi Dofri Hermannsson nefndi hér áðan að það var einhver félagi hans sem ákveður að ganga tiltölulega langa vegalengd til þess að komast í veg fyrir strætó til þess að geta farið hratt yfir. En það er einmitt líka einhver leið sem sumir velja og það er hreinlega að hlaupa til og frá vinnu og þetta gæti verið á sama hátt og þetta auðvitað nýtist hjólreiðamönnum, þá skiptir það líka máli fyrir þá sem eru hlaupandi eða gangandi.

Nú, sama á við um Ártúnsbrekkuna sem lengi hefur verið, og bara mjög mikið, ég var á hjóli mikið þegar ég bjó í Ártúnsholtinu 15 ára gömul og allar götur síðan þá hefur þetta verið vandhjólúð leið eins og maður segir og þykir mér miður að við séum ekki komin lengra í rauninni með þetta og ég fagna því þessari tillögu og vona að með einmitt auknu samstarfi og samráði og samvinnu og auðvitað breyttu hugarfari svo víða, það er nú bara hreinlega þannig að það hefur sem betur fer margt áunnist í því að breyta hugarfari fólks hvað varðar samgöngumáta og þess vegna kannski einmitt lag núna að koma þessu endanlega í betra horf.

Forseti: Borgarfulltrúi Jórunn Frímansdóttir hefur lokið máli sínu. Umræðu um þennan lið er lokið. [Forseti hringir bjöllu]. Þá verða greidd atkvæði um tillöguna sem þarf ekki að kynna frekar. Þeir sem samþykkja hana gefið merki. Tillagan er samþykkt með öllum greiddum atkvæðum. Þá tókum við fyrir lið númer fjögur á dagskrá fundarins sem er umræða um hámarkshraða í Reykjavík að beiðni borgarfulltrúa Ólafs F. Magnússonar og til máls tekur borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon.